



Ertu að flytja?

Nauðsynlegar upplýsingar fyrir
orkunotendur.

Reikningar og mælaálestur

Almennir viðskiptavinir fá sendan reikning mánaðarlega og uppgjör er framkvæmt árlega. Orkuveita Reykjavíkur byggir orkureikninga á áætlun um orkunotkun viðskiptavina sinna og innheimtir reglulega samkvæmt slíkri áætlun. Viðskiptavinir fá sendan uppgjörsreikning einu sinni á ári samkvæmt álestri. Er það til að sannreyna áður áætlaða notkun. Árlegur álestur er innifalinn í orkugjöldum. Notendum er skylt að veita starfsfólki Orkuveitu Reykjavíkur aðgang að mælum.

Viðskiptavinir eru hvattir til að lesa sjálfir af mælum og þannig geta þeir fengið uppgjör hvenær sem er, jafnvel mánaðarlega óski þeir eftir því. Eyðublað fyrir upplýsingar um mælaálestur má nálgast á heimasíðu Orkuveitunnar www.or.is eða með því að hafa samband við þjónustuver í síma 516-6100 og gefa upp stöðu mælis.

Mikilvægt að tilkynna flutning og notendaskipti

Mjög áriðandi er að viðskiptavinir tilkynni flutning til Orkuveitu Reykjavíkur. Ef Orkuveitunni berst ekki slík tilkynning er viðkomandi viðskiptavinur enn skráður sem notandi á staðnum. Skráður notandi ber ábyrgð á orkunotkun sem hann er skráður fyrir þar til hann tilkynnir flutning eða segir upp notkun. Hægt er að tilkynna flutning til Orkuveitunnar með því að fylla út eyðublað sem nálgast má á heimasíðunni www.or.is eða hafa samband við þjónustuver í síma 516-6100.

Vakin er athygli á því að húseigendur bera ábyrgð á því að réttur aðili sé skráður fyrir orkunotkun. Verði húseigandi eða trúnaðarmaður hans þess var að orkukaupendaskipti hafa orðið án þess að þau hafi verið tilkynnt Orkuveitu Reykjavíkur, ber honum að gera Orkuveitunni viðvart um það án tafar. Vanræki húseigandi þessa tilkynningaskyldu sína ber hann ábyrgð á ógreiddum orkureikningum þess aðila.

Innheimtukostnaður og lokanir fyrir orkuafhendingu

Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að innheimta dráttarvexti frá og með gjalddaga* reiknings til greiðsludags auk kostnaðar sem hlýst af innheimtu gjaldfallinna reikninga.

Víða í lögum og reglugerðum er að finna heimildir fyrir Orkuveitu Reykjavíkur til að loka fyrir orkuafhendingu vegna vanskila viðskiptavina. Í öllum tilfellum er viðskiptavinum tilkynnt skriflega um yfirvofandi lokun með minnst 14 daga fyrirvara. Sé orkuafhending stöðvuð vegna vanskila notanda skal hann greiða gjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd samkvæmt gildandi gjaldskrá. Gjald þetta kemur til viðbótar öðrum innheimtukostnaði.

Komi til vanskila eru viðskiptavinir eindregið hvattir til að hafa samband við innheimtudeild Orkuveitu Reykjavíkur til að forðast megi innheimtuaðgerðir og kostnað.

Sameiginlegir mælar í fjöleignarhúsum

Ef sameiginlegir mælar í fjöleignarhúsum eru skráðir á einstakling er Orkuveitu Reykjavíkur heimilt að gera húsfélagið ábyrgt fyrir notkuninni eða þá einstaklinga sem notið hafa hennar, eftir því sem við á. Til að unnt sé að skrá húsfélag fyrir notkun er nauðsynlegt að Orkuveitunni berist beiðni um það frá þeim aðila sem skráður er fyrir notkun.

Skylda til að greiða hlutdeild séreignar í sameiginlegum kostnaði fjöleignarhúsa, m.a. vegna notkunar á rafmagni og heitu vatni í sameign, hvílir á þeim sem er eigandi séreignar á hverjum tíma.

Leiguhúsnæði

Leigutaki á óskoraðan rétt til þess að vera skráður fyrir orkunotkun óski hann eftir því. Ef orkunotkun er hins vegar skráð á leigusala ber hann ábyrgð á greiðslu reikninga vegna orkunotkunar leigjanda síns. Vakin er athygli á því að sá sem skráður er fyrir orkunotkun getur óskað eftir því að lokað verði fyrir orkuafhendingu án þess að um vanskil sé að ræða.

Að lokum viljum við hvetja þig til að skoða heimasíðu okkar, www.or.is og kynna þér hvernig hægt er að nýta þjónustu okkar þar. Hafir þú spurningar eða vantar nánari aðstoð þá er hægt að ná í okkur með ýmsu móti:

- Þjónustuver: 516-6100
- Gjaldfrjálst númer: 800-1010
- Bilanavakt: 516-6200
- Netfang: or@or.is

* Gjalddagi er hinn sami og eindagi, þ.e. 5. hvers mánaðar.